

16. september

Tilkynning frá Landsbankanum vegna dóms Hæstaréttar 16. september

Með dómi Hæstaréttar Íslands í málinu 471/2010 í dag, 16. september 2010, hefur verið skorið úr um hvernig reikna beri vexti af lánum sem teljast gengistryggð íslensk lán en ekki lán í erlendri mynt samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 16. júní sl. Fjármálafrýrtækjum ber að endurútreikna þau lán með lægstu vöxtum Seðlabanka Íslands eins og þeir eru á hverjum tíma.

Í framhaldi af tilmælum Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands frá 30. júní sl. lýsti Landsbankinn því yfir að hluti fasteignalána bankans teljist gengistryggð lán og því sé rétt að hefja þegar endurútreikning þeirra í samræmi við fyrirmæli dómsins jafnvel þó hann snerti aðeins með beinum hætti bílalán.

Með dómi Hæstaréttar og viðbrögðum efnahags- og viðskiptaráðherra við honum eru stigin stór skref til að eyða þeirri óvissu sem uppi hefur verið. Landsbankinn telur að nú séu allar forsendur til að taka kröftuglega á skuldamálum bæði fyrirtækja og einstaklinga og mun leggja sitt af mörkum í þá veru.

Áhrif dómsins á Landsbankann og SP- Fjármögnun hf.

Dómur Hæstaréttar nú leiðir ekki til þess að hluthafar bankans þurfi að leggja Landsbankanum til nýtt eigið fé þó enda eru áhrif af þessum dómi óveruleg. Á hinn bóginn hafa fyrrnefndir dómar Hæstaréttar í þessum málum nokkur áhrif á SP- Fjármögnun hf., dótturfélag bankans. Landsbankinn mun hins vegar styðja SP- Fjármögnun hf. þannig að staða viðskiptavina fyrirtækisins verði trygg.

Viðbrögð Landsbankans

Landsbankinn hefur þegar sett á stofn ráðgjafasetur fyrir skuldsett heimili og aukin þjónusta fyrir þau verður kynnt á næstunni. Þá stendur til að setja á stofn sérstakt svið innan Landsbankans sem mun eingöngu sinna málum er lúta að endurskipulagningu skulda fyrirtækja. Landsbankinn mun einnig á næstu dögum kynna breytingar á eldri úrræðum fyrir skuldsett fyrirtæki sem munu einfalda og hraða allri meðferð þeirra mála.

Landsbankinn hefur ákveðið að allir einstaklingar í hópi viðskiptavina bankans sem eru með erlend fasteignalán geti óskað eftir endurútreikningi þeirra. Þetta verður þó ekki í boði fyrr en endurútreikningi gengistryggðra lána er lokið.

Endurútreikningur

Endurútreikningur lána mun taka töluverðan tíma og ekki er ljóst hvenær honum lýkur. Landsbankinn mun hraða endurútreikningi eins og hægt er. Viðskiptavinir bera engan kostnað af töfinni.

Á meðan á endurútreikningi stendur býðst viðskiptavinum að greiða 5.000 krónur af hverri milljón upprunalegs höfuðstóls fasteignalána. Þá geta þeir greitt af lánunum miðað við skilmála þeirra kjósi þeir það frekar.

Landsbankinn mun reikna lánin miðað við verðtryggða og óverðtryggða vexti Seðlabanka Íslands. Viðskiptavinir geta svo valið þá leið sem þeim er hagfelldari. Kjósi þeir að bera endurútreikning bankans undir þriðja aðila er það að sjálfsgöðu heimilt.

Þegar endurreikningi er lokið mun Landsbankinn bjóða viðskiptavinum nýjan samning um eftirstöðvar láns þeirra. Kjósi viðskiptavinir að hafa lán sín í erlendri mynt verður þeim það heimilt.

Þjónusta Landsbankans

Þjónustuver Landsbankans (s. 410 4000) verður opið til klukkan 20 í kvöld, fimmtudagskvöld . Einnig er bent á heimasíðu bankans, www.landsbankinn.is þar sem finna má yfirlit yfir úrræði bankans. Þá er hægt að panta tíma hjá ráðgjöfum Landsbankans í gegnum heimasíðuna. Landsbankinn mun á næstunni senda viðskiptavinum sínum bréf þar sem farið verður yfir þeirra stöðu og næstu skref bankans.

Nánari upplýsingar veitir:

Landsbankinn – Kristján Kristjánsson

Tölvupóstur: pr@landsbankinn.is

Sími: 410 7100/899 9352